

LÍFEYRISSJÓÐUR VERKFRÆÐINGA

Fréttabréf - mars 2006

Fundarboð

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, mánudaginn 3. apríl 2006 kl. 17:15.

Fundarefni :

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningsskil
3. Fjárfestingarstefna
4. Lífeyrisuppgjör pr. 31.12.2005
-skýrsla tryggingafræðings sjóðsins
5. Stjórnarlaun
6. Breytingar á samþykktum
7. Kosning tveggja manna í stjórn og tveggja til vara
8. Kosning endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna
9. Önnur mál

Endurskoðaðir og undirritaðir reikningar sjóðsins ásamt skýrslu tryggingafræðings munu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins viku fyrir aðalfund, sjóðfélögum til sýnis.

Ársreikning má einnig nálgast á heimasíðu sjóðsins www.lifsverk.is.

Reykjavík, 19. mars 2006

Stjórnin

Réttinda- og iðgjaldayfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir greiðslur iðgjalda til samtryggingardeildar á árinu 2005. Yfirlitið sýnir einnig áunnin réttindi í lok ársins 2005 og áætluð réttindi þegar kemur að töku lífeyris, miðað við að meðal-iðgjöld til sjóðsins verði þau sömu og á árinu 2005. Sjóðurinn sendir út yfirlit með réttindastöðu einu sinni á ári og miðar það við áramót.

Athygli er vakin á að áunnin réttindi í lok nóvembermánaðar 2005 voru lækkuð um 5% í samræmi við ákvörðun aðalfundar vorið 2005 og breytingar á samþykktum sjóðsins sem tóku gildi 1. des. 2005. Þessi lækkun var gerð til að mæta neikvæðri ávöxtun sjóðsins á árunum 2000-2002 og aukinni lífeyrisbyrði sjóðsins vegna þess að meðalævi sjóðfélaga hefur lengst um tvö ár.

Fréttabréfinu fylgir einnig yfirlit yfir greiðslur í séreignardeild á árinu 2005 fyrir þá sem greiða til deildarinnar.

Ef villur eru í yfirlitunum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að tilkynna það til skrifstofu sjóðsins án tafar, annars eiga þeir á hættu að tapa réttindum (sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa).

Sjóðfélaga- og launagreiðendavefur á Netinu

Fjölmargir sjóðfélagar hafa sótt um og fengið aðgang að iðgjalda- og réttindaupplýsingum á netinu. Með því geta þeir hvenær sem er séð stöðuna, bæði réttindi og skil á iðgjöldum. Með sama hætti geta launagreiðendur notað vefsíðuna til að senda rafrænar skilgreinar til sjóðsins og til að skoða fyrri greiðslur til sjóðsins. Mikið hagræði getur verið að þessu fyrir launagreiðendur og þá ekki síst þá sjóðfélaga sem starfa sjálfstætt og eru því í senn launagreiðendur og sjóðfélagar.

Til að sækja um aðgang er farið inn á vefsíðu sjóðsins, www.lifsverk.is, og smellt á “Sjóðfélagavefur” eða “Launagreiðendavefur”. Þá birtast síður þar sem eru veittar nánari upplýsingar. Í kjölfarið er bréf um aðgang að vefnum sent á skráð lögheimili með notandaheiti og lykilorði.

SNÚ =>

Tillögur um breytingar á samþykktum

Aðalfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 3. apríl nk. kl. 17:15 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún. Undir dagskrárliðnum Breytingar á samþykktum verða teknar til umræðu og afgreiðslu tillögur stjórnar sjóðsins sem miða að því að:

- auka sveigjanleika varðandi ráðstöfun iðgjalda til samtryggingar og séreignar;
- hækka réttindaöflun til ellilífeyris;
- hætta uppsöfnun ævilangra makalífeyrisréttinda, en þó haldi sjóðfélagar áunnum makalífeyrisrétti;
- gera aðrar endurbætur á samþykktunum sem miða að því að færa framkvæmd þeirra til samræmis við það sem almennt gerist meðal lífeyrissjóða.

Í stuttu máli eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

- Greiðslutími makalífeyris verði fimm ár eftir fráfall sjóðfélaga (en makalífeyrir er greiddur áfram á meðan eftirlifandi maki er með barn á framfæri yngra en 19 ára eða er a.m.k. 50% öryrki). Þó haldist réttur maka látins sjóðfélaga til ævilangs makalífeyris frá 67 ára aldri sem áunninn hefur verið fram til ársloka 2006. Þannig verður engin skerðing á þegar áunnum réttindum.
- Réttindatöflun vegna elli- og örorkulífeyris verði hækkaðar, að jafnaði um 11% yfir starfsævina.
- Stjórn verði heimilað að veita sjóðfélögum val um að láta iðgjald umfram 10% renna í séreignardeild.
- Fjárfestingarheimildir sjóðsins verði í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma, en sundurliðaðri upptalningu á heimildunum verði sleppt.
- Stjórn verði heimilt að breyta samþykktum til samræmis við ófrávikjanleg ákvæði laga og reglugerða.

Nánari grein er gerð fyrir tillögunum í fundargögnum sem fylgja þessu fréttabréfi.

Sjóðfélagar eru hvattir til að fjölmenna á fundinn. Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á aðalfundinum með málfrelsi, tillögurétti, atkvæðisrétti og kjörgengi.

Ávöxtun sjóðdeilda á árinu 2005

Árið 2005 var þriðja besta ár í sögu sjóðsins hvað ávöxtun varðaði. Fjárfestingartekjur voru jákvæðar um 2.815 milljónir króna. Mestu skiluðu innlend markaðsverðbréf. Nafnávöxtun íslenskra markaðshlutabréfa í eigu sjóðsins var mjög há, 72,5%, nærri 8% yfir Úrvalsvisitölunni. Íslensk markaðsskuldabréf gáfu hins vegar rýra ávöxtun, eftir góðar hækkanir næstu ár á undan. Nafnávöxtun þeirra var jákvæð um 8,1%, en sjóðfélagalán báru 7,5% nafnávöxtun (3,5% raunávöxtun). Í samræmi við ákvæði laga um lífeyrissjóði er meirihluti eigna sjóðsins skuldabréf, að langmestu leyti í íslenskum krónum. Árið 2005 var ávöxtun slíkra bréfa mun slakari en árin á undan. Með lækkandi vaxtastigi hefur minnkað til muna framboð á áhugaverðum fjárfestingarkostum á íslenskum skuldabréfamarkaði

Ávöxtun erlendra verðbréfa í íslenskum krónum talið var einnig góð. Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa og verðbréfa sem tengd eru erlendum visitölum var 15,3% í íslenskum krónum (13% í dollurum) og var um 0,7% yfir heimsvísitölu hlutabréfa. Hins vegar drógu gjaldmiðlavarnir sjóðsins nokkuð úr ávinningi af erlendum eignum þar sem styrking krónunnar varð meiri en búist var við.

Nafnávöxtun samtryggingardeildar (fyrir rekstrarkostnað) var 15,2% á árinu 2005, raunávöxtun 10,8% og hrein raunávöxtun 10,6%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er 1,8% og síðustu 10 ár 4,7%.

Nafnávöxtun séreignardeildar var 8,7%, raunávöxtun 4,6% og hrein raunávöxtun 4,4%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er 5,4%.

24. mars 2006

Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri (stefan@lifsverk.is)